

Því úrskurðast:

Steingrímur Steinþórsson nemandi, Flókagötu 57, Reykjavík, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 14 daga.

Miðvikudaginn 21. maí 1969.

Nr. 190/1968. **G. Þorsteinsson og Johnson h/f**

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Málmiðjunni h/f og gagnsök

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 8 s. m. Krefst hann, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til greiðslu kr. 47.838.98 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar til 12. júní 1965 og með 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður gagnáfrýjanda, og Garðar Þorsteinsson, forstjóri aðaláfrýjanda, áttu vorið 1965 viðræður um viðskipti þau, sem málið fjallar um. Í þinghaldi 27. febrúar 1967 kveðst Baldur Ólafsson ekki minnast þess, að í þessum viðræðum hafi verið

samið um ákveðinn gjaldfrest á andvirði vélarinnar. Hins vegar „hafi hann dregið á það að greiða vélina með það i huga, að Blikksmiðja Akraness myndi kaupa hana, en eigi hafi orðið úr kaupunum af hálfu blikksmiðjunnar“. Hinn 8. júní 1966 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf, þar sem m. a. er sagt: „Um miðjan síðastliðinn mánuð gáfuð þér ákveðið loforð um að koma hingað á skrifstofu vora og gera þessi viðskipti upp fyrir 28. maí 1966“. Var þetta efni bréfsins borið undir Baldur Ólafsson í sama þinghaldi, sem kvað „þar rétt frá greint, og tekur fram í því sambandi, að hann hafi ekki fengið heimild meðeigenda sinna til greiðslunnar“. Þetta greiðsluloforð er bindandi fyrir gagnáfrýjanda, og ber því að dæma hann til að greiða aðaláfrýjanda andvirði vélarinnar, kr. 47.838.98, en þessi fjárhæð er ekki tölulega vefengd, ásamt 7% ársvöxtum frá birtingu stefnu í héraði, 2. september 1966, til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Málmiðjan h/f, greiði aðaláfrýjanda, G. Þorsteinsson og Johnson h/f, kr. 47.838.98 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. september 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. júní 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí s.l., hefur stefnandi, firmað G. Þorsteinsson & Johnson h/f, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 31. ágúst 1966, á hendur Málmiðjunni h/f, Vallholti 3, Akranesi, til greiðslu verzlunarskuldar að fjárhæð kr. 47.838.98 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til 12. júní 1965, en 1% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefnandi kveður tildrög máls þessa vera þau, að á árinu 1964 hafi hann selt stefnda vél til vinnslu á málmlistum ásamt fylgi-hlutum. Andvirði vélarinnar með söluskatti hafi numið stefnu-fjárhæðinni, eða kr. 47.838.98. Vélin hafi verið afgreidd til stefnda í október 1964, en andvirði hennar hafi ekki fengizt greitt þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og hafi stefndi einkum borið því við, að vél sú, sem keypt var, hentaði ekki til þeirrar framleiðslu, sem henni var ætluð.

Nokkur bréfaviðskipti höfðu farið fram á milli aðilja, áður en til málssóknar kom, og þykir rétt að rekja efni þeirra.

Með bréfi, dags. 28. maí 1966, krefur stefnandi stefnda skrif-lega fyrst um skuldina. Þessu bréfi svarar stefndi með bréfi, dags. 5. júní 1966, þar sem hann hafnar greiðsluáskorun stefnanda á þeim forsendum, að vélin hafi reynzt með öllu ónothæf til þess verks, sem henni var ætlað, og kveðst stefndi hafa tilkynnt stefnanda það þegar í stað, eftir að kaupin gerðust og fullreynt var, að vélin reyndist ekki hæf. Í þessu bréfi neitar stefndi algerlega að greiða vélina og óskar þess, að stefnandi taki hana aftur.

Þessu bréfi svarar stefnandi hinn 8. júní 1966. Þar tekur hann fram, að stefndi hafi ákveðið, hvaða gerð af vél hentaði til að búa til lista þá, sem til var ætlazt. Stefnandi kveðst hafa fyrir þeirra hönd sent út til verksmiðjanna sýnishorn af þeim listum, sem hún átti að framleiða, til þess að hægt væri að ákveða, hvernig valsa skyldi smíða í vélina, en eftir að vélin hafi komizt í hendur stefnda, hafi honum orðið ljóst, að hún gat ekki fram-leitt umrædda lista eins nákvæmlega og hann þurfti á að halda.

Af þessu leiði, að stefndi beri algerlega ábyrgð á því, hvaða vél var valin. Þegar stefnanda var aftur á móti kunnugt um vandræði hans, hafi hann reynt að hjálpa til að leysa málið, þó að það hafi ekki tekizt á viðunandi hátt.

Þá kveðst stefnandi hafa varið bæði fé og fyrirhöfn til þess að reyna að selja vélina fyrir stefnda, en án árangurs. Einnig bendir hann á, að fullt samkomulag hafi orðið um það vorið 1965 milli forstjóra stefnanda og framkvæmdastjóra stefnda, að stefndi greiddi vélina með ákveðnum gjaldfresti, en við þann samning hafi ekki verið staðið af stefnda hálfu og því borið við, að meðeigendur hefðu ekki viljað samþykkja gert samkomulag.

Veturinn 1965 hafi þetta mál verið margrætt við forstjóra stefnda í síma og stefndi ekki talið neitt því til fyrirstöðu að greiða vélina, sérstaklega ef stefnandi seldi fyrir hann aðra vél eða vélar og notaði andvirði af þeirri sölu til greiðslu umræddrar

vélar. Í maí 1966 hafi svo forstjóri stefnda gefið ákveðið loforð um að koma á skrifstofu stefnanda og gera þessi viðskipti upp fyrir 28. maí 1966. Þar sem ekki hafi verið staðið við þetta loforð, hafi ekki verið um annað að ræða fyrir stefnanda en að krefja skuldina, svo sem gert hafi verið.

Með bréfi, dags. 18. júní 1966, mótmælir stefndi því með öllu, að hann hafi valið eða ákveðið, hvaða gerð af vél mundi henta til framleiðslu á listum þeim, sem hér um ræðir. Eftir að sýnishorn af listum þeim, sem vélin átti að framleiða, höfðu verið sendir viðkomandi verksmiðju, hafi stefnandi gefið þær upplýsingar, að vélin gæti framleitt slíka lista, og hafi það ráðið úrslitum, að vélin var pöntuð. Í bréfinu ítrekar stefndi, að stefnandi taki vélina í sínar vörslur.

Þessu bréfi svarar stefnandi 1. júlí s. á og ítrekar, að hann hafi aldrei tekið að sér fyrir neina aðilja að velja vélar til ákveðinnar framleiðslu, eins og um geti í bréfinu.

Í bréfi stefnda, dags. í september 1966, til lögmanns þeirra kemur fram lýsing á málsatvikum, og þykir því rétt að rekja efni þess í fáum dráttum.

Stefndi skýrir svo frá, að á árinu 1964 hafi hann gert pöntun hjá stefnanda á vél, er vinna átti ákveðinn hlut í framleiðslu á miðstöðvarofnum, þ. e. a. s. loftspjöld, sem er einn hluti ofnsins. Forstjóri stefnda, Baldur Ólafsson, kveðst hafa farið til stefnanda og var þá vísað til starfsmanns hans, Ragnars Guðmundssonar vélstjóra, sem hafði með að gera tæknilegan undirbúning að pöntun véla. Kveðst forstjórinn hafa beðið hann að athuga, hvort vél, er hann hafði í huga, svonefndur hjólavals, mundi henta til þeirrar framleiðslu, sem hann þurfti á að halda, og afhent honum jafnframt sýnishorn af loftspjöldum þeim ásamt fjöðrum, sem falla áttu inn í rauf á spjöldunum, en spjöldin síðan að velta í fjöðrinni. Eftir þessar viðræður hafi stefnandi skrifað verksmiðjunni og sent þau sýnishorn, er hann hafði afhent honum.

Svar hafi borizt fljótlega, þar sem sagt var, að vél þessi mundi henta til áðurgreindra nota og þyrfti aðeins að smíða í hana sérstök hjól, sem verksmiðjan mundi annast. Eftir þetta svar ákvað forstjórinn að panta vélina.

Meðan á afgreiðslufrestinum stóð, hafi svo borizt teikningar af þeim sérstöku hjólum, sem smíða átti, og hafi Ragnar Guðmundsson afhent sér þær, svo að hann gæti glöggvað sig á, hvernig framleiðsla þessi ætti að fara fram.

Þegar svo vélin kom og farið var að reyna hana, kom í ljós,

að hún vann ekki eins og til var ætlaðt, og kveðst forstjórinn hafa tilkynnt stefnanda það strax. Skrifaði stefnandi þá verk-smiðjunni og bar fram kvartanir sínar, en svar barst á þá leið, að breyta mætti völsum vélarinnar, og var það gert, en kom ekki að gagni. Forstjórinn kveðst þá hafa leitað aðstoðar Magnúsar Hallfreðssonar tæknifræðings og hafi hann rannsakað fyrst teikningar þær, sem komu af völsunum, og komiðt að raun um, að ekki væru neinir möguleikar til að framleiða loftspjöld með þeim völsum og efazt um hæfni vélarinnar til þeirra nota. Að ráði Magnúsar Hallfreðssonar hafi verið búnir til nýir valsar, en þeir hafi ekki komið að gagni.

Ástæðan fyrir því, að ekki var hægt að nota þessa vél, hafi verið sú, að spjöldin, sem úr henni komu, urðu teygð og hvergi nærri bein, svo að raufin varð mjög misvíð og of grunn, þannig að ekki var möguleiki á að koma fjöðrinni í hana.

Tvö vitni hafa komið fyrir dóm svo og framkvæmdastjórar málsaðilja. Skulu nú framburðir þeirra raktir, svo sem tilefni gefst til.

Vitnið Magnús Hallfreðsson tæknifræðingur hefur borið, að fljótlega eftir að vélin kom til stefnda, hafi verið leitað til sín vegna erfiðleika við framleiðslu á loftspjöldum í ofna þá, sem Málmiðjan h/f, Akranesi, framleiðir. Við athugun sína hafi hann komiðt að þeirri niðurstöðu, að vél sú, sem hér um ræðir, hafi í eðli sínu verið þannig upp byggð og unnið eftir þeim grundvallarlögmálum um breytingu og lögun málma, að mjög hæpið, ef ekki með öllu útilokað, væri að nota hana við áður-greinda framleiðslu. Þó hafi verið eftir ráðleggingum sínum gerð tilraun til þess að bæta úr þessu með því að smíða ný hjól í valsinn. Það, sem hann telji réttlæta þessa tilraun, var fyrst og fremst það, að hjól þau, sem fylgdu vélinni, voru að stærð og lögun fjarri því, sem vitnið kvaðst álíta, að þau ættu að vera. Þessi tilraun hafi svo ekki borið tilætlaðan árangur.

Vitnið Ragnar Þór Guðmundsson hefur borið, að það hafi séð um umrædda pöntun af hálfu stefnanda. Það kveður Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóra stefnda, hafa afhent málmlista og fjöður og teikningu af listunum. Vitnið sá ekki um bréfaskriftir í sambandi við pöntun vélarinnar, hins vegar kveðst það hafa komið fyrirnefndum gögnum, sem Baldur Ólafsson kom með, í hendur þess manns, sem sá um bréfaskriftirnar, og telur vitnið, að það hafi verið Garðar Þorsteinsson. Vitnið skýrir svo frá, að undirbúningi að pöntun vélarinnar hafi verið þannig hagað, að

Baldur Ólafsson hafi komið að máli við vitnið og innt það eftir því, hvort fyrirtæki stefnanda gæti útvegað vél til að annast framleiðslu á sams konar málmlistum og lagðir hafa verið fram í málinu sem dskj. nr. 13. Hafði Baldur þá slíka lista meðferðis.

Vitnið kveðst hafa sýnt Baldri myndir af hugsanlegum vélum og hafi þá Baldur fengið áhuga á einni vél. Var þá skrifað út til framleiðanda vélarinnar og innt eftir því, hvort vélin gæti framleitt slíka lista. Með þessu bréfi telur vitnið, að gögn þau, er Baldur hafði meðferðis, hafi verið send. Þegar svo jákvætt svar barst, ákvað Baldur að panta vélina. Vitnið kvaðst ekki muna það með vissu, hvort um það hafi verið rætt milli þeirra Baldurs, að vélin ætti að framleiða sams konar lista og dskj. nr. 13, en a. m. k. kveðst það hafa tekið það þannig, og tekur það fram í því sambandi, að Baldur hafi komið með búi af sams konar lista um 20 cm langan og hafi hann verið alveg beinn.

Garðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri stefnanda og einn af hluthöfum félagsins, hefur borið eftirfarandi: Hann kveðst hafa séð um pöntun á vél þeirri, sem hér um ræðir, hjá framleiðanda. Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og einn af eigendum stefnda, hafði, áður en pöntun vélarinnar var gerð, komið með málm-lista til sín og óskað eftir því, að hann yrði sendur út til framleiðanda vélarinnar með fyrirspurn um það, hvort vélin gæti framleitt þess konar lista. Hafi jákvætt svar borizt frá framleiðanda vélarinnar og hann þá ákveðið að panta vélina.

Hann tekur fram, að Baldur hafi þegar verið búinn að hugsa sér þessa gerð af vél, án þess að stefnandi hefði nein afskipti af þeirri ákvörðun. Fljótlega eftir að vélin kom í hendur stefnda, hafi þeir kvartað undan því við forsvarsmenn stefnanda, að vélin gæti ekki framleitt þá lista, sem hún var keypt til. Hafi þá forsvarsmenn stefnanda boðizt til að reyna að útvega nýja valsa í vélina, en þar sem stefnda hafi legið mjög mikið á, hafi þeir leitað til vélsmiðju hér í borginni til þess að fá framleidda nýja valsa eða breyta þeim, sem með henni höfðu komið, en þetta hafi orðið árangurslaust.

Þegar hér var komið, kveður hann stefnda hafa farið að malda í móinn með að greiða vélina.

Um vorið 1965 hafi hann verið staddur á Akranesi og þá átt tal við Baldur Ólafsson. Þá hafi orðið samkomulag milli þeirra um það, að stefndi greiddi vélina með ákveðnum gjaldfresti, en það hafi brugðizt og hafi Baldur skýrt það þannig, að hann hefði eigi fengið samþykki meðeigenda sinna til þess. Síðan segir hann,

að stefnandi hafi leitast við að selja vélina fyrir stefnda að beiðni hans. Þá tók hann fram, að þegar vélin var pöntuð, hafi kaupendur ekki bent á, að framleiðsla nefndra lista þyrfti að vera nákvæm, enda hafi stefndi aldrei gefið upp neinar upplýsingar um tóleransa.

Síðar kveður hann stefnda hafa fengið þær upplýsingar hjá þýzku verkfræðifirma, að eigi væri unnt að framleiða þessa lista eins nákvæmlega eins og nauðsyn væri, þar sem alltaf kæmi einhver vindingur á málminn úr slíkri vél og nauðsynlegt væri að nota pressu til framleiðslunnar.

Hann tók fram, að stefnandi hafi kvartað við framleiðendurna, er í ljós kom, að eigi væri hægt að framleiða á fullnægjandi hátt áðurgreinda lista í vélinni, en þessari kvörtun hafi þó ekki verið fylgt eftir, fyrst og fremst sökum þess, að stefnda hafi legið svo á að hefja framleiðslu með vélinni, og í öðru lagi vegna þess, að stefndi hafi leyst málið á annan hátt, eða með því að taka í notkun pressuvél.

Þá tók hann fram, að hann væri viss um, að svar hefði borizt frá framleiðanda vélarinnar við fyrrgreindri kvörtun stefnanda, en svarbréf þetta hefur ekki verið lagt fram í málinu, sökum þess að samkvæmt upplýsingum stefnanda hefur það ekki fundizt í vörzlum hans.

Baldur Ólafsson, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, hefur borið eftirfarandi fyrir dómi:

Hann kveðst hafa afhent Ragnari Guðmundssyni hjá stefnanda, áður en hann pantaði umrædda vél, sýnishorn af málmlista þeim, sem vélin átti að framleiða, ásamt fjöður í málmlistann svo og teikningu af honum. Þessi sömu gögn kveðst hann hafa afhent öðru þýzku fyrirtæki eftir að hafa gefizt upp á að framleiða listana með hinni umdeildu vél og hafi það fyrirtæki tjáð sér, að eigi væri unnt að framleiða þessa lista á fullnægjandi hátt með þeirri tegund vélar, sem stefndi hafði pantað, heldur þyrfti að nota annað hvort pressuvél eða lockformer við framleiðsluna. Þá tók hann fram, að vél sú, sem hér er um deilt, hafi einungis átt að gera stillur í málmlistann og síðan hafi átt að fullvinna hann í öðrum vélum.

Hann kveðst minnst þess, að Garðar Þorsteinsson hafi rætt þetta mál við sig á Akranesi 1965, og hafi þá komið fram hjá þeim báðum vilji í þá átt að reyna að leysa málið á friðsamlegan hátt og þá með því móti, að báðir aðiljar féllust á að selja vélina. Ekki kveðst hann minnst þess, að samið hafi verið um, að stefndi

fengi gjaldfrest á vélinni, en hins vegar kveðst hann hafa fallist á það að greiða vélina með það í huga, að Blikksmiðja Akraness mundi kaupa hana, en úr þeim kaupum hafi ekki orðið og hafi hann rætt þá þetta mál við meðeigendur sína, sem hafi óskað eftir, að leitað yrði til lögfræðings með málið.

Þá var fyrir dóminum eftirfarandi málsgrein úr bréfi stefnanda til stefnda borin undir hann, þ. e. dskj. nr. 4.: „Á síðastliðnum vetri og vori hefur mál þetta verið marg rætt við yður í síma og þér ekki talið neitt því til fyrirstöðu að greiða vélina, sérstaklega ef vér seldum fyrir yður aðra vél eða vélar og notuðum andvirðið af þeirri sölu til greiðslu umræddrar vélar“. Hann kveður þetta rétt, að stefndi hafi lofað að greiða vélina, ef stefnanda tækist að selja vél þá, sem um var talað, en það hafi ekki tekizt.

Þá var eftirfarandi grein lesin fyrir framkvæmdastjórnann: „Um miðjan síðastliðinn mánuð gáfuð þér ákveðið loforð um að koma hingað á skrifstofu vora og gera þessi viðskipti upp fyrir 28. maí 1966. Þar sem þér ekki stóðuð við þetta munnlega loforð, sjáum vér okkur ekki annað fært en að senda yður kröfubréf til að knýja fram lausn á þessu máli, sem dregizt hefur allt of lengi“.

Framkvæmdastjórinn kvað þarna rétt frá greint, en tekur fram í því sambandi, að hann hafi ekki fengið heimild meðeigenda sinna til greiðslunnar og af þeim sökum hafi ekki af henni orðið. Þá segir hann, að framleiðandi vélarinnar hafi gert teikningu af völsum þeim, sem framleiðslan átti að fara fram í, og hafi þær teikningar verið sendar hingað til landsins, um það bil viku eða 10 dögum áður en stefndi fékk vélina í hendur.

Með bréfi, dags. 24. nóvember 1964, skýrir stefnandi framleiðanda vélarinnar frá því, að hjólavalsar þeir, er fylgdu vélinni, hafi ekki unnið eins og til var ætlað. Hann getur þess enn fremur í bréfinu, að með pöntun vélarinnar hafi verið sent sýnishorn af þeim loftspjöldum, sem vélin átti að framleiða. Í bréfinu skýrir hann frá, að komið hafi fram af hálfu stefnda alvarlegar kvartanir, og biður um tillögur til úrbóta. Ekki verður séð á skjölum málsins, að svar við þessu bréfi stefnanda hafi nokkurn tíma borizt.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hér sé um lausafjárkaup að ræða. Vélín hafi frá upphafi verið í vörzlu stefnda. Hann hafi að vísu kvartað undan því, að vélín hentaði ekki til þeirrar framleiðslu, sem henni var ætlað, en um slíkt verði stefnandi ekki

sakaður, þar sem forsvarsmenn stefnda hafi valið vélina. Vélin hafi komið í hendur stefnda á árinu 1964 og þeir ekki borið fyrir sig riftunarástæður fyrr en með bréfi, dags. 5. júní 1966. Með þessum langa drætti hafi þeir firrt sig öllum vörnum í málinu.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að hann hafi keypt vél þá, sem hér um ræðir, í þeirri góðu trú, að hún væri hæf til að vinna það verkefni, sem henni var ætlað, og haft til þess fyllstu ástæðu, þar sem framleiðandi hennar hafi fullyrt, að svo væri. Þegar svo vélin kom, reyndist hún með öllu óhæf til þess hlutverks, sem henni var ætlað, og breytingar þær, sem á henni voru gerðar, reyndust haldlausar. Með þessu hafi allar forsendur fyrir kaupunum verið brostnar og beri stefnda því ekki að greiða andvirði hennar.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að allur sá ádráttur, sem forsvarsmaður stefnda gaf um greiðslur, hafi verið skilorðsbundinn og á engan hátt bindandi. Leiði þetta til þess, að sýkna beri í málinu.

Hafa nú verið rakin í helztu dráttum viðhorf aðilja í málinu, eins og þau koma fram í skjölum þess og við munnlegan málflutning. Hinir sérfróðu dómendur hafa skoðað hina umdeildu vél. Þá hafa þeir einnig skoðað sýnishorn af málmlistum þeim, sem lagðir hafa verið fram sem dskj. nr. 12 og 13. Þeir eru sammála um, að tæknilegum undirbúningi að pötun vélarinnar hafi ekki verið ábótavant. Það er óumdeilt í málinu, að vélin, eins og hún kom í hendur stefnda, hafi reynzt óhæf til að framleiða þá hluti, sem henni var ætlað, og að stefndi kom fljótlega á framfæri við stefnanda kvörtunum út af því, að vélin væri óhæf til þeirrar framleiðslu, sem henni var ætluð.

Þá er það enn fremur upplýst, að stefnandi afhenti stefnda vélina án þess að krefjast greiðslu eða neinnar tryggingar. Kvartanir stefnda leiddu til þess, að stefnandi skrifaði framleiðanda vélarinnar bréf og fór fram á, að bætt yrði úr göllum þeim, sem á vélinni voru og hann taldi, að verksmiðjan ætti sök á. Ekki er þó ljóst, hvers vegna hann framfylgdi ekki þessum kvörtunum sínum frekar.

Báðir mál aðiljar virðast hafa verið sammála um að reyna að bæta úr þeim ágöllum, sem á vélinni voru, og er í ljós kom, að það reyndist óframkvæmanlegt, þá að reyna að selja hana.

Meðan á þessu stóð, gaf forsvarsmaður stefnda stefnanda skilorðsbundinn ádrátt um greiðslu. Þegar sá greiðsludráttur er

skoðaður í ljósi undangenginnar viðleitni beggja málssaðilja til þess að bæta úr mistökum þeim, sem framleiðandi vélarinnar hafði gert, verður ekki unnt að líta svo á, að hér hafi verið um bindandi greiðsluforð að ræða.

Svo sem að framan greinir, kom stefndi, fljótlega eftir að vélin kom í þeirra hendur, kvörtunum á framfæri við stefnanda um það, að vélin gæti ekki framleitt þá lista, sem hún var keypt til.

Verður því ekki fallizt á þá skoðun stefnanda, að stefndi hafi firt sig rétti til þess að bera fyrir sig þá annmarka á kaupunum.

Eftir þessu ber með hliðsjón af öllum málsatvikum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og málsatvikum er háttað, þykja ekki efni standa til að dæma stefnda málskostnað, og ber að fella hann niður.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Jóhanni Zoëga verkfræðingi og Andrési Guðjónssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Málmiðjan h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. maí 1969.

Nr. 69/1969. **The Richards Company Incorporated**
(Bjarni Beinteinsson hdl.)

gegn
Aðalsteini Brynjólfssyni og gagnsök
(Skúli J. Pálmason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1969 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði